

Hafnarfirði 2.12.2015

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Athugasemdir við deiliskipulagstillöguna: „Hestamannafélagið Sörli, Hafnarfirði“ Deiliskipulagsuppráttur gerður af Basalt arkitektum 15.09.2015.

Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar hafa farið yfir ofnagreindan upprátt og gera eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna:

1. Meðal helstu gæða aðstöðunnar hjá Sörla er umhverfið og lega reiðvallarins í hrauni sem er gróið lyngi, runnum og trjágróðri. Að flytja bílastæðin vestur fyrir reiðskemmuna og þar með fella tré og fletja út hraunið meðfram vellingum þykir okkur ótrúleg og þröngsýn tillaga. Að skemma þessi náttúrugæði umhverfis starfsemina teljum við mistök. Við teljum að leysa eigi bílastæðin fjær. Það ætti ekki að vera mikið tiltökumál að hafa bílastæði sem ætluð eru fyrir fáeina viðburði á ári – allflesta að sumarlagi – í einhverri fjarlægð frá reiðskemmu og brautum. Við þekkjum gott dæmi sem er Bláa lónið þar sem hraunið þykir stór hluti af upplifun svæðisins og því eru bílastæðin höfð aðeins í burtu. Til að benda á lausnir væri hægt að taka lóðina Sörlaskeið 7 undir bílastæði og einnig mætti koma einhverjum fyrir í brekkunni suðaustan við Íshesta og myndu þau þá nýtast betur þeirri starfsemi líka. Þar er fyrst og fremst lúpína en fá tré. Við viljum minna á að trén sem reiknað er með að fjarlægja í bílastæðatillögunni eru eign Skógræktarfélagsins og bótaskyld ef þau eru felld eða fjarlægð.
2. Í tillögunni er reiknað með að núverandi göngustígur frá bænum í gegnum Gráhelluhraun endi í botnlanga. Þetta er algjörlega óásættanlegt. Ef ekki er óskað lengur eftir því að göngustígurinn þveri reiðvöllinn þarf að finna honum nýja legu.
3. Á gildandi skipulagi er göngustígur samsíða reiðvegi og Kaldárselsvegi frá bænum. Inn á hann eru stígatengingar frá stígunum í Gráhelluhrauni. Áfram liggur göngustígurinn yfir Kaldárselsveginn og með honum að vestanverðu og tengist síðan aðsetri Skógræktarfélagsins og útivistarsvæðinu við Hvaleyrarvatn. Hestamenn ríða um þennan stíg þótt skýrt sé í gildandi skipulagi að þetta sé göngustígur. Til að réttlæta þann gjörning er gönguleiðinni nú breytt í reiðleið án þess að gera grein fyrir því hvert gangandi umferð á að fara. Við erum mjög ósátt við þessa tillögu og viljum mótmæla henni harðlega.
4. Við teljum að setja eigi skilmála fyrir stækkun á Sörlastöðum þess efnis að ríkjandi litir á þessari stóru byggingu verði dökkir jarðlitir sem falli vel að umhverfinu.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Sigurður Einarsson, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar